

Elkem Ísland ehf  
Grundartanga  
301 Akranes

Reykjavík, 10. september 2020  
UST202003-010/E.H.  
08.07.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Elkem - Reglubundið eftirlit þann 4.6.2020, hjá Elkem Ísland ehf.**


Þann 4.6.2020 fór fram eftirlit í [starfsemi, rekstraraðili, starfsstöð]. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik komu fram er varðar:**

1. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Í ágúst 2019 var mánaðarmeðaltal losunar SO<sub>2</sub>, 30,8 kg/tonn sem er yfir starfsleyfismörkum (30 kg/tonn). Verklagi var breytt er varðar sérframleiðslu með hærri brennisteinsinnihaldi í hráefnum og var losun SO<sub>2</sub> 16,3 kg/tonn í september 2019. Frávikingu er því lokað.

Virðingarfyllst

  
Einar Halldórsson

  
Helga Rut Arnarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



|                     |                     |                         |                            |
|---------------------|---------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits      | 4.6.2020            | Ábyrgðarmaður eftirlits | Einar Halldórsson          |
| Fyrirtæki           | Elkem Ísland ehf.   | Eftirlitsmaður          | Gottskálk Friðgeirsson     |
| Heimili             | Grundartanga        | Tegund eftirlits        | Reglubundið fyrra eftirlit |
| Kennitala           | 6406750209          | Flokkur                 | Kísilverksmiðja            |
| Fulltrúi fyrirtækis | Sigurjón Svavarsson | ÍSAT nr.                | 24.10.0                    |
| Fulltrúi fyrirtækis |                     | Staðsetning             | 365514,62 431317,984       |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins með starfsleyfi Elkem á Grundartanga. Eitt frávik kom fram er varðar losun brennisteinsdíoxíðs sem var yfir mánaðarmörkum í ágúst 2019.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Spilliefni hafa verið færð til eftir ábendingu í síðustu vettvangsheimsókn. Farið hefur verið í töluverðar fjárfestingar til að bæta afsog á aftöppunarpöllum og er hringekja sem gerð var ábending um í síðustu vettvangsheimsókn einn partur af því verkefni. Einnig hefur verið bætt afsog frá ofnum.

Blautbrot eða skautbrot þar sem bráð lekur úr skauti og í ofninn hafa verið tíðari en áður og er unnið að rannsókn atvika. Framleiðslustopp hefur verið á ofni 1 síðan í maí sl. og var gangsett þann 20. júlí sl.

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávika. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Elkem á Íslandi í áhættuflokk A og þar með er áætlað að fara tvívar í vettvangsferðir í verksmiðjuna í ár. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Skoðaðar voru skráningar á geymunum í eftirlitinu.

Niðurstöður mengunarmælinga skv. gr. 3.1. Farið var yfir niðurstöður úr mengunarmælingum. Í ágúst í fyrra var mánaðarmeðaltal losunar fyrir SO2 30,8 kg/tonn sem er yfir starfsleyfismörkum (30 kg/tonn). Ofn 3 var þá tekin úr rekstri og sérframleiðsla með hærri brennisteinsinnihaldi hráefna í var öðrum ofnum. Skerpt var á verklagi varðandi sérframleiðslu í kjölfarið til að koma í veg fyrir álfíka atvik.

Farið var í skoðunarferð um verksmiðjulóð og skráningar á olíugeymum skoðaðar.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

grein 2.5 - Losunarmörk sem tengjast heildarframleiðslu

Í ágúst 2019 var mánaðarmeðaltal losunar SO2, 30,8 kg/tonn sem er yfir starfsleyfismörkum (30 kg/tonn). Verklagi var breytt er varðar sérframleiðslu með hærri brennisteinsinnihaldi í hráefnum og var losun SO2 16,3 kg/tonn í september 2019. Fráviku er því lokað.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.09.2020

Einar Halldórsson

bls. 4